

## AUGLÝSING

### um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

## 1. gr.

Til grundvallar við útreikning á afla skipa sem ekki hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla, skal leggja eftirfarandi grunnstuðla, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

## 2. gr.

Afurðir sem miðast við slægðan fisk með haus.

Þorskur	Nýtingarstuðull
-hausaður með klumbu	75,0%
-hausaður án klumbu	65,0%
-flattur	70,0%
-saltaður flattur	49,5%
-flök, með roði og beinum	44,5%
-flök, roðflett, með beinum	41,5%
-flök, með roði, beinlaus	40,0%
-flök, roðflett og beinlaus	37,0%
-söltuð flök	32,5%

Ýsa	Nýtingarstuðull
-hausuð með klumbu	78,0%
-hausuð án klumbu	67,0%
-flök, með roði og beinum	43,0%
-flök, roðflett, með beinum	41,0%
-flök, með roði, beinlaus	41,0%
-flök, roðflett og beinlaus	39,0%

Ufsi	Nýtingarstuðull
-hausaður með klumbu	83,0%
-hausaður án klumbu	71,0%
-flattur	76,0%
-saltaður, flattur	53,5%
-flök, með roði og beinum	53,0%
-flök, með roði og beinlaus	51,0%
-flök, roðflett, með beinum	45,0%

-flök, roðflett og beinlaus	43,0%
-söltuð flök	39,4%

Lýsa	Nýtingarstuðull
-hausuð	74,0%
-flök, með roði og beinum	46,5%
-flök, roðflett, með beinum	41,0%

Langa/blálanga	Nýtingarstuðull
-hausuð með klumbu	85,0%
-hausuð án klumbu	77,0%
-flött	76,0%
-söltuð, flött	53,5%
-flök, með roði og beinum	54,0%
-flök, roðflett, með beinum	45,0%
-söltuð flök	39,5%

Keila	Nýtingarstuðull
-hausuð með klumbu	80,0%
-hausuð án klumbu	75,5%
-flött	74,0%
-söltuð, flött	52,5%
-flök með roði og beinum	51,0%
-söltuð flök	38,5%

Steinbítur/hlýri	Nýtingarstuðull
-hausaður með klumbu	70,0%
-hausaður án klumbu	67,0%
-flök með roði og beinum	40,0%
-flök, roðflett, með beinum	35,0%
-flök, roðflett og beinlaus	30,0%

Tindaskata	Nýtingarstuðull
-börðuð með roði	43,0%
-börðuð, roðlaus	34,0%

Skötuselur	Nýtingarstuðull
-halar með roði	35,0%
-halar, roðlausir án sporðs	27,0%
-flök, roðflett og beinlaus	20,0%

Skata/náskata	Nýtingarstuðull
-börðuð	43,5%

Háfur	Nýtingarstuðull
-hauskorinn	52,0%
-haus- og sporðskorinn	49,5%

Svartháfur	Nýtingarstuðull
-hauskorinn	55,0%
-haus- og sporðskorinn	52,5%

Gljáháfur	Nýtingarstuðull
-hauskorinn	55,0%
-haus- og sporðskorinn	52,5%

Hákarl	Nýtingarstuðull
-hauskorinn	70,0%
-beitur	50,0%

Lúða	Nýtingarstuðull
-hauskorin	80,0%
-flök	54,0%

Grálúða	Nýtingarstuðull
-sporðskorin	97,5%
-hauskorin	74,5%
-haus- og sporðskorin	72,0%
-flök	50,0%

Sandkoli	Nýtingarstuðull
-hauskorinn	75,0%
-haus- og sporðskorinn	72,5%

Skarkoli	Nýtingarstuðull
-haussskorinn	72,0%
-haus- og sporðskorinn	69,5%

Þykkvalúra	Nýtingarstuðull
-haussskorin	82,0%
-haus- og sporðskorin	79,5%

Langlúra	Nýtingarstuðull
-haussskorin	78,0%
-haus- og sporðskorin	75,5%

Skrápflúra	Nýtingarstuðull
-haussskorin	73,0%
-haus- og sporðskorin	70,5%

Öfugkjafta	Nýtingarstuðull
-haussskorin	73,0%
-haus- og sporðskorin	70,5%

Blágóma	Nýtingarstuðull
-haussskorin	75,0%

## 3. gr.

Afurðir sem miðast við óslægðan afla.

Gullkarfi	Nýtingarstuðull
-slægður með haus	94,0%
-hausaður með klumbu	61,0%
-hausaður án klumbu	55,0%
-flök, með roði og beinum	30,5%
-flök, með roði og beinlaus	28,5%
-flök, roðflett, með beinum	27,5%
-flök, roðflett og beinlaus	26,0%

Djúpkarfi	Nýtingarstuðull
-slægður með haus	94,0%
-hausaður með klumbu	60,0%
-hausaður án klumbu	54,0%
-flök, með roði og beinum	30,0%

-flök, með roði og beinlaus	28,0%
-flök, roðflett, með beinum	27,0%
-flök, roðflett og beinlaus	26,0%

Slétthali	Nýtingarstuðull
-hausaður	50,0%
-haus- og sporðskorinn	47,5%
-flök, með roði og beinum	22,0%
-flök, roðlaus með beinum	17,0%

Snarphali	Nýtingarstuðull
-hausaður	47,0%
-haus- og sporðskorinn	44,5%
-flök, með roði og beinum	21,0%
-flök, roðlaus með beinum	16,0%

Gulllax	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	67,0%
-flök, með roði og beinum	33,0%
-marningur	27,0%

Búri	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	50,5%
-flök, með roði og beinum	36,0%
-flök, roðflett, með beinum	31,0%

Geirnyt	Nýtingarstuðull
-haus- og sporðskorin	43,0%
-flök, roðflett og beinlaus	14,0%

Rauðmagi	Nýtingarstuðull
-kamb-, haus- og kviðskorinn	33,5%

Grásleppa	Nýtingarstuðull
-kamb-, haus- og kviðskorin	29,5%

Broddabakur	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	72,5%
-haus- og sporðskorinn	70,0%

Stinglax	Nýtingarstuðull
-haussskorinn	71,0%
-haus- og sporðskorinn	69,0%
Síld	Nýtingarstuðull
-samflök með roði og beinum	49,0%
-flök, með roði og beinum	47,0%
-flök, roðflett með beinum	43,0%
Kolmunni	Nýtingarstuðull
-haussskorinn	54,0%
Makrill	Nýtingarstuðull
-haussskorinn	66,0%
Gjölur	Nýtingarstuðull
-haussskorinn	74,5%

## 4. gr.

Við útreikning saltaðra afurða til aflamarks, hjá skipum sem hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla, sbr. reglugerð nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, skal deila þunga afurða flatts fisks með 0,7 og flakaðs fisks með 0,72.

Sé kolmunnaafli bræddur um borð í skipi skulu allar mjölafurðir vigtaðar á hafnarvog við löndun. Við útreikning mjölafurða til aflamarks í kolmunna skal miða við 17,5% nýtingarstuðul. Ákvæði þetta miðast við bræðslu á heilum kolmunna.

## 5. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 240/2006, um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. október 2016.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Hinrik Greipsson.**

*Erna Jónsdóttir.*